



Fornleifaskráning

vegna vegagerðar milli Valtýskambs og Sandbrekku
Hamarsfirði



Stekkjartóft í Hálslandi

Guðný Zoëga
nóvember 2007

2007/68



© Guðný Zoëga
Bygðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2007/68

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráninga	1
Fornleifaskráning og aðferðir	2
Aðferð við skráningu	3
Tegund, hlutverk og heiti	3
Lega.....	3
Staðhættir og lýsing	3
Hættumat.....	3
Heimildir/heimildamenn	3
Fornleifaskrá	4
Háls - Yfirlit yfir sögu staðarins	4
Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisaðgerðir	17
Minjar á framkvæmdasvæðinu	18
Þjóðsögustaðir.....	20
Niðurlag	21
Heimildir	22

Viðauki – listi yfir hnit og fornleifakort

Myndaskrá

MYND 1. SÉÐ TIL SUÐAUSTURS YFIR BÆJARSTÆÐIÐ Á HÁLSI.	4
MYND 2. DJÁKNADYS SÉÐ FRÁ ÞJÓÐVEGI.	7
MYND 3. GAMLI ÞJÓÐVEGURINN LIGGUR NEÐAN (SUNNAN) DYSJARINNAR.	7
MYND 4. GRJÓTGARÐUR LIGGUR UPP FRÁ STEKKJARTANGA.....	9
MYND 5. HORFT TIL SUÐVESTURS YFIR STEKKJARTÓFT INNAN STEKKJARHÓLS	11
MYND 6. GAMLI ÞJÓÐVEGURINN LIGGUR VIÐ FJÖRUBORÐ MILLI YTRI- OG INNRI SANDBREKKNA	13
MYND 7. HLAÐIÐ LOKRÆSI Í GAMLA VEGINUM.....	14
MYND 8. VARÐA Á STEKKJARHÓLI.	15

Inngangur

Vegna væntanlegrar vegagerðar milli Valtýskambs og Sandbrekku í Hamarsfirði fór Vegagerðin fram á að Byggðasafn Skagfirðinga tæki að sér skráningu fornleifa í tengslum við framkvæmdirnar. Skv. lögum um umhverfisáhrif frá 2000 nr. 106, (viðauki. iii, c) ber að taka tillit til minja innan 100m frá framkvæmdasvæði. Við skráningu fornleifa í Hamarsfirði var allt svæðið frá fjöru til fjalls skoðað þar sem að bæði voru skoðuð áhrifasvæði framkvæmda við áætlaðar veglínur skv. teikningu frá Vegagerðinni en einnig var rannsakað umhverfi gamla vegarins sem ætlunin mun að fjarlægja. Skráningunni ber að taka með þeim fyrirvara að einungis lágu fyrir upplýsingar um væntanlega veglínu en ekki haug- eða efnistökusvæði, áætlaðar girðingar eða önnur vinnusvæði.

Um tvær útfærslur af veglínunum var að ræða. Á veglínu 1 (myndir 1-4 í viðauka) er gert ráð fyrir nýbyggingu vegar frá Stekkjarhóli að austan að Ytri-Sandbrekku að vestan. Veglína 2 (myndir 5-7) gerir hinsvegar ráð fyrir nýbyggingu vegar frá Stekkjarhóli að Innri-Sandbrekku með frávikum frá veglínu eitt á kaflanum frá Djáknadys inn að Henglavík.

Bryndís Zoëga, landfræðingur, sá um uppmælingar minja og kortagerð í skýrslunni. Sérstakar þakkir eru færðar heimildamanni okkar Ingimar Sveinssyni fv. skólastjóra á Djúpavogi sem ólst upp á Hálsi en hann aðstoðaði bæði við heimilda- og vettvangsvinnuna.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er ekki síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þar sem að fornleifaskráning hafði farið fram á jörðinni Hálsi var stuðst við þá skráningu við vinnuna

Stuðst er við númer sem koma fyrir í fornleifaskrá Hálsþorps. Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Háls 159131, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá (1847)¹, 236 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Háls væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Háls -159131-236-1.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Lega minjanna er svo færð inn á loftmynd sem Vegagerðin lét í té.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum eru fornar minjar horfnar, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornleifarnar sérnafn, t.d. Grjótgarður eða Djáknadys, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir sem Vegagerðin lét í té.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Einnig er reynt að gera tillögur að mótvægisáðgerðum eða mögulegum afleiðingum framkvæmda á fornleifarnar. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir/heimildamenn

Ísáð er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Við skráningu á vettvangi er leitað til heimildamanna eða þeirra sem gerst þekkja landsvæðið sem skráð er og er þeirra getið við viðeigandi skráningar.

Fornleifaskrá

Háls - Yfirlit yfir sögu staðarins



Mynd 1. Séð til suðausturs yfir bæjarstæðið á Hálsi. Kirkjugarður og eldra bæjarstæðið hægra megin á myndinni en yngra bæjarstæðið lengst til vinstri. Ljós: GZ.

Saga

Háls stendur við Hamarsfjörð austanverðan í kvos uppi undir Hálsfjalli þar sem fjallið lækkar og við taka svokallaðir Hálsar milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar.

Háls er forn kirkjustaður. Elstu heimildir um staðinn er í kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200² og því ljóst að byggð hefur hafist þar snemma. Staðarins er einnig getið í Vilkinsmáldaga frá 1367 og kirkjan tileinkuð heilögum Andrési.³ Frá 1812 var kirkjan annexía frá Hofi en kirkjubyggingin fauk 1892 og var hún þá flutt á Djúpavog.⁴ Jörðin var fyrst í kirkjueign en síðar ríkiseign uns Búlandshreppur eignaðist hana árið 1973.⁵

Fyrrum var land jarðarinnar mun stærra en það náði frá Kolpúfutanga við Hamarsfjörð norður yfir Hálsa um Hálsamót og niður í Eyfreyjunesvík við Berufjörð.

² Íslenzkt fornbréfasafn, XII bindi, bls. 5.

³ Íslenzkt fornbréfasafn, III bindi, bls. 234.

⁴ Árbók ferðafélags Íslands, 1955, bls. 52.

⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls. 433.

Núverandi land heimajarðarinnar nær nokkurn veginn frá svonefndum Hálslæg rétt utan bæjarins inn að Vígðalæg sem fellur í Henglavík innst í Hamarsfirði.⁶

Úr landi jarðarinnar byggðust síðan hjáleigurnar Teigarhorn við Berufjörð og Kambshjáleiga, Strýta og Stekkahjáleiga (Neðri-Hjáleiga) umhverfis heimajörðina í Hamarsfirði og mynduðu svokallað Hálsþorp.⁷ Nöfn og lega hjáleiga frá Hálsi eru nokkuð á reiki í heimildum en elstu heimildir um hjáleigur frá Hálsi eru í manntalinu 1703. Þar eru nefndar tvær hjáleigur frá jörðinni, Hálshjáleiga og „annar kofi frá Hálsi”.⁸ Líklegast er átt við einhverjar hjáleignanna í Hálsþorpi en ekki er fullvíst hverjar þeirra. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Háls sagður 8 hundruð að dýrleika. Þar eru þá nefndar hjáleigurnar Kambshjáleiga, Stekkshjáleiga og Teigarhorn en neðanmáls segir: „Stekkhjáleiga er eigi nefnd fyrr en 1804 og telur prestur 1844 Stekka (7 manns), sem hvorki eru nefndir í jarðabókunum né heldur nú hjá sýslumanni. 1804 er hjáleigan Streita talin með Hálsi en 1760 eru taldar 2 Hálshjáleigur”.⁹ Líklegast er að Streita sé annað nafn yfir Strýtu. Í fornbyla- og eyðibýlaskrá er getið um tvö eyðibýli, Klapparhjáleigu og Hring.¹⁰ Ekki er vitað hvar Klapparhjáleiga var en vera kann að þar sé um Stekkahjáleigu að ræða. Afbýlið Hringur var innst í túnjaðri á Hálsi en þar voru síðar fjárhús og garðrækt frá Hálsi.

Um tíma var tvíbýli á staðnum, Háls (Efribær) og Neðribær.¹¹ Neðribær stóð rétt innan við kirkjugarðinn og var þar hið upprunalega bæjarstæði á Hálsi en síðar voru þar matjurtagarðar. Efribær stóð ofar í túninu. Þar var torfbær fram til um 1920 er timburhús var byggt á staðnum en húsið stóð á hlaðinni tóft. Rafmagn kom aldrei að Hálsi og heyskapur var stundaður með handverkfærum allt til búskaparloka. Búið var á Hálsi fram til 1963 er býlið fór í eyði. Síðustu ábúendur voru Sveinn Stefánsson frá Kambshjáleigu og Kristín Stefánsdóttir frá Hamri.¹²

Náttúrufar og jarðabætur

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Jörðin hefur stórt tún og mikið og grösugt land, þó minna lagi engi og er þar því fremur heyskaparlítið. Útigangur er þar góður, þar til hjálpar og rekþari. Landið er sumstaðar undirorpið skriðuhlaupum og hefur þar af sér gengið en aftur á öðrum stöðum er það ei áföllum undirliggjandi”.¹³

Gamla túnið mun hafa verið þýft og deiglent. Engjar voru votar, fremur snöggar en nærtækar og heygóðar. Heyjað var á mýrunum uppi á Hálsum. Vetrararbeit var sæmileg, sumarhagar í meðallagi og var ásetningur baggi á kind. Beitiland þótti gott og einnig var einhver fjörubeit. Útræði var stundað frá Hálsi og skeltaka til heimabeitu.¹⁴

⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls. 433, Árbók Ferðafélags Íslands 2002, bls.87.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls.434.

⁸ Ingimar Sveinsson, 1989, bls. 39.

⁹ Jarðartal Johnsens, bls. 380.

¹⁰ Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970, bls. 186.*

¹¹ Árbók Ferðafélags Íslands 2002, bls. 87.

¹² Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls. 435.

¹³ Sýslu og sóknarlýsingar 1839-1874, bls. 556.

¹⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls. 434-435.

Minjar í eða við áætlaðar veglínur

Háls 159131 236 - 8

Mynd 3 og 6 í viðauka

Hlutverk: Rétt, nátthagi

Tegund: Garðlag, tóft

Staðsetning: A: 720098,120 N: 470103,763

Ástand: Gott – hleðslur standa vel

Hættumat: Lítil hætta en tóftin er um 95m austur af þar sem að væntanleg vegagerð mun enda

Staðhættir

Á túnakorti er útihús vestast í túninu sunnan við veginn sem liggur um bæjarhlaðið um 175m vestan við kirkjugarðinn (Túnakort).

Í búskaparannál Sveita og jarða segir: „Nátthagagarður og fjárrétt í Nátthagnum” (Sjm., 435).

Klettahæð er fast neðan vegar sem liggur um bæjarstæðið á Hálsi, beint neðan hæðarinnar sem býlið Hringur stóð um 180 m suðvestur af kirkjugarðinum.


Lýsing

Fast neðan vegar er klettahæð sem liggur nálega n-s. Austan undir henni er grjóthlaðið gripheldi eða rétt um 10 m á breidd og 12 m á lengd, hlið hefur verið til suðurs. Umhverfis þessa rétt er grjóthlaðinn garður á þrjá vegu. Garðurinn liggur niður frá vegi um 30 m vestan réttarinnar. Þar liggur hann nv-sa á um 50 m kafla en syðst beygir hann til austurs og liggur þar á um 50 m kafla, þar beygir garðurinn til norðausturs og liggur á um 70 m kafla upp að veginum um 20 m norðaustan við réttina. Garðurinn stendur enn ágætlega en er nokkuð farinn að hrynja. Hann er hæstur um 1 m og um 50 cm á breidd. Hlið hefur verið á garðinum við suðvestur horn hans.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.

Túnakort; Þ.St.



Háls 159131 236 - 28

Mynd 1 og 5 í viðauka

Sérheiti: Djáknadys

Hlutverk: Dys

Tegund: Legstaður

Staðsetning:

A: 747481,627

N: 469729,857

Ástand: Gott, dysin stendur vel

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verður rétt um 20m frá væntanlegum veglínunum og um 7m frá fláa gamla vegarins

Friðlýst: Já



Mynd 2. Djáknadys séð frá þjóðvegi. Ljósm. GZ.

Staðhættir

„Djáknadys er utan undir Ytri-Sandbrekku, grjóthraukur mikill samantíndur um aldir á bein djákna á Hamri, sem þar féll fyrir Hálspresti” (Sjm., 434).

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir svo: „Á þessu sviði er tvær hæðir teljandi sem kallast Ytri- og Innri Sandbrekka. Þar stendur og grjóthaugur mikill, kallaður Dys (þar skal prestur og djákn eitt sinn hafa glímt í þungu skapi svo báðir fengu bana; sá sem fyrst ferðast fram hjá þessum haug er vanur að leggja einn stein í hann til uppfyllingar)” (SS.,528). Í þjóðsögunni “Dysin á Hálsströnd” (Sigfús Sigfússon) segir: “Þau álög fylgdu þessari dys að hver sá er um veginn færi skyldi kasta steinvölu í hana og sinni



Mynd 3. Gamli þjóðvegurinn liggur neðan (sunnan) dysjarinnar. Horft í suðvestur. Ljósm. GZ.

fyrir hvorn, hund og hest, ef hann hafði, ella mundi honum farnast illa.” Í Árbók Ferðafélags Íslands segir Stefán Einarsson að leggja skuli þrjá steina í dysina (Árbók 1955, 48).

Lýsing

Grjóthaugurinn stendur um 15 m neðan núverandi vegar norðan til innarlega í Hamarsfirði, innan svokallaðrar Rauðuskriðu rétt austan Ytri-Sandbrekku. Dysin er í grýttu landi undir klettabelti um 80-100 m ofan fjöruborðs og lá alfaravegurinn rétt neðan hennar. Dysin er strýtumyndaður grjóthaugur um 2-5 m hár og 10 x 15m að umfangi. Haugur þessi er friðlýstur samkvæmt Þjóðminjalögum og við hann stendur sérstakt friðlýsingarmerki. Fast neðan haugsins er vegslóði sem Ingimar Sveinsson telur að hafi verið ruddur upp úr aldamótunum 1900 og er hann því annað hvort orðinn eða við að verða fornleifar skv. laganna hljóðan.

Aðrar upplýsingar

„Háls. Djáknadys, stór grjótdys rétt neðan við veginn innan við Rauðuskriðu, utan undir svonefndri Ytri-Sandbrekku. Skjal undirritað af KE 21.09.1964. Þinglýst 18.11.1964” (Skrá um friðlýstar fornleifar).

Heimildaskrá

Sigfús Sigfússon: Íslenskar þjóðsögur og sagnir VI, Reykjavík 1986, s. 109.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Stefán Einarsson: Austfirðir sunnan Gerpis Árbók Ferðafélags Íslands 1955.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993.

Háls 159131 236 - 29

Mynd 2 í viðauka

Sérheiti: Grjótgarður

Hlutverk: Grjóthleðsla, Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 719590,935 N: 470007, 201

Ástand: Ágætt en hleðslan nokkuð hruninn

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildamaður: Ingimar Sveinsson



Mynd 4. Grjótgarður liggur upp frá Stekkjartanga upp brekkuna að Vondagili. Garðurinn er heill nema á kafla þar sem að núverandi vegur liggur um hann. Horft í norður. Ljós. GZ.

Staðhættir

„Á Hálsströnd vestan við túnið sjást leifar af miklum grjótgarði frá Grjótgarðstanga upp á Hultratungu og þaðan skáhallt upp á Kambshjalla og upp í kletta, vörslugarður og haldið við fram um '39" (Sjm.,435).

Í örnefnaskrá segir: „Grjótgarður, vörslugarður (stendur enn að nokkru leyti, en er ekki lengur gripheldur), nær úr Stekkjartanga um Vondagilið ytra og upp í kletta" (ÖEG:4). Þar segir jafnframt: „[...] Að innan úr Kambstanganum í Valtýskamb, þaðan í ytri enda Loðnahjalla og sama stefna, þangað til hún sker ytri takmörkin, sem eru Stekkjartanginn og grjótgarðurinn upp í Vondagilið ytra og eftir stefnu þess, þangað til hún skerst" (Örnefnaskrá, Eyjólfur Guðjónsson, 2).

Lýsing

Grjótgarður liggur niður svokallaða Ytri-Hultra og á nokkur hundruð metra kafla inn svokallaða Hultrahlíð. Liggur niður fjallshlíðina og niður að Stekknum um 20m austan hans og svo í nokkrum hlykkjum niður á klettatanga ofan fjöruborðs.

Garðurinn rofnar á um 30m löngum kafla þar sem að núverandi þjóðvegur sker hann. Garðurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á þykkt þar sem hann er stæðilegastur en hann er þó nokkuð tekinn að hrynja.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 30

Mynd 2 í viðauka

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 719570,074 N: 469999,784

Ástand: Gott, vegghleðslur vel greinanlegar en grjót farið að hrynja úr þeim

Hættumat: Mikil hætta – er í væntanlegum veglínunum 1 og 2



Mynd 5. Horft til suðvesturs yfir Stekkjartóft innan Stekkjarhóls. Í forgrunni eru leifar Grjótgarðsins [159131 236 - 29]. Ljós. GZ.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Utan við Valtýskamb er Stekkjamýri, Stekkjarhóll, og eru þar gamlar stekkjartóftir” (ÖSS.;2).

„Rétt utan við Valtýskamb og Kambslæk er Stekkjarhóll neðan vegar og við hann rústir af stekk frá Hálsi. Út og upp af stekknunum eru Hringsbrekkur og innst í þeim Beinhellir. Frá Stekkjartanga lá vörslugarður mikill, nefndur Grjótgarður, um Vondagil ytra uppí kletta. Sjást hans en glögg merki og utan flæðarmáls heitir Grjótgarðssker” (Árbók 2002:88).

Stekkurinn er í hvammi innan við Stekkjarhól svo-kallaðan, um 750m suðvestan gamla bæjarstæðisins á Hálsi, upp af Grjótgarðsskeri og Grjótgarðsbugt.

Lýsing

Stekkurinn er grjót og torfhladdinn og grjót enn mjög greinilegt í hleðslum. Tóftin er tvískipt. Stærri króin er



um 8x4m að innanmáli, liggur norðaustur-suðvestur og er opin til suðurs að hafi. Áfast að austan er lambakróin 6x2m innanmáli og er innangengt á milli krónna. Veggjahæð er mest um 1m og þykkt 70cm.

Um 5m norðan stekkjarins er smærri ferköntuð, ógreinilegri, tóft um 3x5m að utanmáli. Veggur hennar er einungis um 30cm á þykkt og 20cm hátt. Um 5m löng einföld grjótröð liggur til norðurs frá norðvesturhorni stekkjarins.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2002.

Háls 159131 236 - 59

Mynd 4 og 7 í viðauka

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 719570,074 N: 469999,784

Ástand: Gott en vegurinn er horfinn á köflum

Hættumat: Mikil hætta – er á köflum skammt frá væntanlegri veglínu 1 en er að stórum hluta í veglínu 2

Heimildamaður: Ingimar Sveinsson á Djúpavogi



Mynd 6. Gamli þjóðvegurinn liggur við fjöruborð milli Ytri- og Innri Sandbrekkna. Horft til vesturs að Innri-Sandbrekku. Ljós. GZ.

Staðhættir og lýsing

Gamli þjóðvegurinn lá inn Hamarsfjörð. Að stærstum hluta hefur hann legið þar sem á sama stað og núverandi þjóðvegur en þó sjást menjar gamla vegarins enn vel á köflum, á um 150m kafla við Djáknadys, á um 500m löngum kafla milli Ytri og Innri-Sandbrekkna og á um 450m löngum kafla við fjöruborð í Henglavík. Vegurinn er að hluta til einungis einfaldur ruðningur þar sem stærstu steinar hafa verið fjarlægðir úr götunni en á kafla milli Ytri- og Innri- Sandbrekkna er hann hlaðinn upp og renna lækir í gegn um veginn um hlaðin lokræsi sem enn gegna hlutverki sínu.

Aðrar upplýsingar

Árið 1940 var Geithellnahreppi hinum forna skipt í tvo hreppa, Geithellnahrepp og Búlandshrepp og voru hreppamörk við Vigðalæk, á landamörkum jarðanna Háls og Hamars (Sjm., 416). Fjallað er um vegagerð í sveitarlýsingum hreppanna. Í umfjöllun um Búlandshrepp segir: “Þjóðleiðin um hreppinn liggur með Hamarsfirði og Berufirði út yfir Hálsa [...] Á nokkrum stöðum á þjóðveginum voru upphlaðnir vegar-kaflar, einkum um mýrar. Lengstur var vegarspottinn um Teigana, lagður upp úr aldamótum. Verkstjóri mun hafa verið Guðjón frá Laxnesi, faðir Halldórs Laxness“ (Sjm., 419).



Mynd 7. Hlaðið lokræsi í gamla veginum. Ljós. GZ.

Í kaflanum um Geithellnahrepp segir: „Um og upp úr aldamótum var farið að vinna að vegabótum og varð það til mikilla bóta en nokkrir staðir voru mjög erfiðir til vegalagningar með þeim tækjum sem þá voru til að vinna með [...] Um og eftir 1930 var farið að ryðja vegi, sem kallaðir voru bílvegir, og 1934 kom fyrsta bifreiðin [...] Eftir 1950 var farið að nota jarðýtur til vegagerða, og hefur þokast smátt og smátt síðan, en þó eru enn eftir kaflar af ruðningsveginum gamla, og lokast þeir fljótt, ef snjór fellur (Sjm., 443).“

Ingimar Sveinsson telur að þarna sé um að ræða vegabætur þær sem nefndar eru í Sveitum og jörðum og að veghlutar þessir séu þá, a.m.k. að hluta til frá því um aldamótin 1900.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2002.

Háls 159131 236 - 60

Mynd 2 í viðauka

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 719620,495

N: 470014,639

Hættumat: Mikil hætta þar sem að varðan mund hverfa undir veg

Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir

Vörðuleifar eru á svokölluðum Stekkjarhóli um 20m suður af núverandi þjóðvegi og 50m norðaustur af stekkjartóft [159131 236 - 30].

Lýsing

Varðan er um 60cm á hæð og 80cm breið.

Hún er nokkuð tekin að hrynja en óvíst

hvort að hún hefur nokkurn tímann verið vönduð

smíð. Ingimar Sveinsson kannaðist við vörðuna en var ekki viss um aldur hennar.



Mynd 8. Varða á Stekkjarhóli. Ljós. GZ.

Háls 159131 236 - 61

Mynd 2 í viðauka

Sérheiti: Valtýskambur

Hlutverk: Þjóðsögustaður

Tegund: Klettur

Staðsetning: A: 719169,878 N: 470105,318

Staðhættir og lýsing

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: „Litlu utar [en Rauðaskriða] er Valtýskambur, allbreiður og hallandi til vesturs. Fylgir nafninu sú saga að efst á kambinum hafi Valtýr nokkur mátt standa á höfði sér til yfirbótar fyrir afbrot á meðan messa fór fram á Hálsi. Hefur þessi íþrótt síðan verið þreytt af fullhugum hér og þar í þinghánni og þótt mannsbragur að.“ (Árbók, 2002, bls. 88)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. Árbók Ferðafélags Íslands, 2002.

Háls 159131 236 - 62

Mynd 4 í viðauka

Sérheiti: Vigðilækur

Hlutverk: Þjóðsögustaður

Tegund: Lækur

Staðsetning: A: 716366,613 N: 469579,18

Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: „Henglavík er innst við Hamarsfjörð að norðan og fellur í hana lækur undan skriðufæti skammt ofan vegar og kallast Vígðilækur. Þetta er kaldavermsl og kærkominn áningastaður fyrir menn og hesta til að slökkva þorsta; ekki sakar að Guðmundur góði lagði hendur yfir lækinn.“ (Árbók 2002, bls. 87)

Heimildaskrá

Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2002.

Niðurstöður – samantekt

Alls voru skráðar sex fornleifar og tveir þjóðsögustaðir í eða við umræddar veglínur. Allar eru fornleifarnar í landi jarðarinnar Háls nema gamli þjóðvegurinn [159131 236 - 59] en hluti hans liggur einnig um land Hamars. Þó að veghlutarnir sem um ræðir liggi um lönd Háls og Hamars hefur hann, til hægðarauka, einungis fengið eitt númer sem hluti af skráningu Háls.

Aftar í kaflanum fylgir tafla yfir þær fornleifar sem fundust við vettvangsskráningu og eru í eða mjög nærri mögulegum framkvæmdasvæðum. Einnig er gerð tillaga að mótvægisáðgerðum og verndun minjanna.

Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisáðgerðir

Við nokkrar minjanna sem hér eru skráðar er nægilegt að sérstaklega sé tekið tillit til þeirra við skipulagningu framkvæmdasvæða, vega til og frá efnistökusvæðum o.s.frv. Þær minjar sem eru í nágrenni eða jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla. Þrjár minjanna eru hins vegar í eða við veglínu og koma til með að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001.

Helstu mótvægisáðgerðir eru:

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en vegur er lagður.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsókna.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir einstakar minjar á eða við áætluð framkvæmdasvæði. Hafa ber í huga að hér er einungis um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða aðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

Minjar sem merktar eru með gulu liggja í eða innan við 20m frá framkvæmdasvæðum en minjar merktar með grænu eru í á milli 20 og 50m fjarlægð, loks eru þær minjar sem falla utan við 50m frá miðlínu vegar ólitaðar. Hér skal tekið fram að allar tölur um fjarlægðir miðast við upplýsingar um legu framkvæmdasvæða á kortum frá Vegagerðinni. Gefin er upp fjarlægð minjanna frá miðlínunum áætlaðra veglína annarsvegar og útjaðri fláa og skáa eins og þau eru á meðfylgjandi teikningu frá Vegagerðinni. Minjar eru sagðar í veglínu ef einhver hluti þeirra er innan uppgefins framkvæmarsvæði á teikningu frá Vegagerðinni.

Minjar á framkvæmdasvæðinu

Þar sem veglínur liggja í og við tún er að vænta flestra fornleifa og þar er einnig frekar að vænta minja sem komið geta upp óvænt við framkvæmdir. Veglínin sem gengin var fer hvergi um heimatún en, að óbreyttu, koma fjórar fornleifar þó til með að hverfa að öllu eða hluta við væntanlegar framkvæmdir. Auk þess eru tveir þjóðsögustaðir sem eru í veglínunni en ekki fundust nein mannvirki þeim tengd.

Hnitsettar fornleifar – veglína 1		Fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis	Fjarlægð frá útbrún Framkvæmda-svæðis	Mynd aftast í skýrslu
Númer fornleifa	Tegund			
Háls 159131 236 - 8	Nátthagi/rétt		95m	3
Háls 159131 236 - 28	Dys/vegur*	32m	22m	1
Háls 159131 236 - 29	Grjótgardur	Í veglínunni		2
Háls 159131 236 - 30	Stekkur	Í veglínunni		2
Háls 159131 236 - 59	Vegur	Að hluta í veglínunni		4
Háls 159131 236 - 60	Varða	Í veglínunni		2

Tafla 1, Fornleifar merktar með gulu eru í veglínunni og því í mikill hættu af framkvæmdumeðna innan 20 m frá framkvæmdasvæði, en minjar merktar með grænu eru í 20 til 50 m fjarlægð, ólitaðar minjar eru í meira en 50 m fjarlægð.

Hnitsettar fornleifar í veglínunni 2 – frávik frá veglínunni 1		Fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis	Fjarlægð frá útbrún Framkvæmda-svæðis	Mynd aftast í skýrslu
Númer fornleifa	Tegund			
Háls 159131 236 - 8	Nátthagi/rétt		45m	6
Háls 159131 236 - 59	Vegur við dys	Að hluta í veglínunni	20m	5
Háls 159131 236 - 59	Vegur milli Ytri og Innri Sandbrekkna	Í veglínunni		7

Tafla 2, Fornleifar merktar með gulu eru í veglínunni og því í mikill hættu af framkvæmdumeðna innan 20 m frá framkvæmdasvæði, en minjar merktar með grænu eru í 20 til 50 m fjarlægð, ólitaðar minjar eru í meira en 50 m fjarlægð.

Alls voru skráðar og mældar upp sex manngerðar minjar í og við væntanlegan veg.

- Háls 159131 236 - 8**

Nátthagi/rétt – leifar grjóthlaðins nátthaga og réttar innan hans liggja suðvestan túns á Hálsi um 100m norðaustur af eystri enda áætlaðrar veglínunni 1 en miðað við eystri enda veglínunni 2 er nátthaginn um 45m norður af miðlínu vegar.

Mótvægisáðgerðir:

Þar sem að minjarnar eru í nokkurri fjarlægð frá veggum beggja veglína eru litlar líkur á að þær verði fyrir skemmdum af völdum framkvæmdanna.

- Háls 159131 236 – 28**

Djáknadys/dys/vegur – vegleg grjótdys sem liggur fast norðan við gömlu þjóðleiðina inn Hamarsfjörð. Hún er friðlýst með sérstakri þinglýsingu og er merkt með þar til gerðu friðlýsingarmerki. Dysin liggur um 20m utan við útbrún framkvæmda við nýja veginn (báðar veglínur) en rétt um 7m sunnan fláa gamla vegarins. Fast sunnan við dysina liggur svo gamli þjóðvegurinn um

* Dysin liggur hinsvegar innan við 10m frá fláa á núverandi vegi.

stórgrýtisurð og mynda hann og dysin skemmtilega minja- og umhverfisheild. Skv. 11. gr. Þjóðminjalaga (nr. 107, 2001) er 20m friðhelgað svæði út frá útmörkum friðlýstra fornleifa.

Mótvægisáðgerðir:

Vestari endi gamla vegarins er rétt um 5m utan (norðan) framkvæmdasvæðis við veglínu 1 en hluti hans lendir undir útbrún vegar í veglínu 2. Dysin og umhverfi hennar þurfa ekki að vera í hættu vegna nýframkvæmda ef svæðið er vel merkt og sérstakt tillit tekið til þess. Hinsvegar er nokkur hætt á að minjarnar verði fyrir skemmdum verði gamli vegurinn fjarlægður, þar sem að flái þess vegar er rétt við norðurbrún dysjarinnar. Nauðsynlegt er að merkja dysina og umhverfi hennar vel og hafa sérstaka gát verðið jarðvegur fjarlægður í nágrenni hennar.

- **Háls 159131 236 - 29**

Grjótgarður/garðlag – grjóthlaðið garðlag, svokallaður Grjótgarður, liggur frá Stekkjartanga við sjóinn og upp hlíðina vestan Stekkjarhóls en um 20m austan stekkjartóftar [159131 236 - 30]. Garðurinn er vel glöggur en nokkuð farinn að hrynja og hefur hluti hans verið fjarlægður þegar að núverandi vegur var lagður. Miðað við áætlun Vegagerðarinnar um nýtt vegstæði munu um 30 metrar af garðinum hverfa við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir:

Þar sem að garðurinn liggur nær óslitið, nema á 36m kafla við núverandi veg, upp brekkuna er næsta ómögulegt að leggja þarna veg án þess að garðurinn verði fyrir skemmdum, nema að vegstæðinu yrði hnikað ofar að núverandi vegi. Þar sem garðurinn er eingöngu hlaðinn úr grjóti er ekki mögulegt að rannsaka aldur hans frekar með fornleifarannsókn. Sé sýnt að hylja þurfi eða fjarlægja hluta garðsins ber að sækja leyfi þar um til Fornleifaverndar ríkisins (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001)

- **Háls 159131 236 - 30**

Stekkur – stekkjartóft liggur í hvammi innan Stekkjarhóls um 20m vestan við áðurnefndan Grjótgarð [159131 236 - 29]. Tóftin mun skv. teikningum Vegagerðarinnar af nýrri veglínu verða undir veginum (báðum veglínunum) og skáa eða fláa neðan hans og mun að líkindum hverfa alveg við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir:

Æskilegast væri að veglínunni yrði hnikað til að þyrma tóftinni. Sé sýnt að ekki sé mögulegt að færa veglínuna verður að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins um að fjarlægja eða hylja tóftina. Slíkt leyfi yrði líklega háð frekari uppmælingum eða rannsóknum á aldri tóftarinnar.

- **Háls 159131 236 - 59**

Vegur – leifar gamla þjóðvegarins eru greinanlegar á köflum í norðanverðum Hamarsfirði. Hlutar vegarins eru frá því um aldamótin 1900 og er hann varðaður til beggja hliða af stórgrýti sem fjarlægt hefur verið úr honum til sléttunar.

Vegurinn er greinanlegur á um 150m kafla fast sunnan Djáknadysjarinnar. Vestasti hluti þess vegakafli verður innan 5m frá útbrún vegarins og mun því líklega verða fyrir áhrifum af vegagerðinni. Vegurinn og dysin liggja í stórgrýtisurð og mynda skemmtilega minjaheild sem vitnar bæði um lifandi

Þjóðtrú og þær mikilvægu samgöngubætur sem urðu á fyrri hluta 20. aldarinnar.

Hluti vegarins liggur svo frá núverandi vegi austan Ytri-Sandbrekku, liggur til suðvesturs fyrir brekkuna og síðan ofan fjöruborð yfir víkina milli Ytri- og Innri Sandbrekkna. Í vikinni er nokkuð blautlent og er vegurinn þar upphlaðinn og í gegn um hann nokkur hlaðin lokræsi. Sé miðað við veglínu 1 mun um 20-30m hluti þessa vegarkafla fara undir nýbyggingu vegar austan Ytri-Sandbrekku. Vestari endi vegarins liggur að útbrún væntanlegs vegarfláa og er því í nokkurri hættu af völdum framkvæmdanna. Veglína 2 á að liggja yfir Ytri-Sandbrekku og yfir víkina milli Ytri- og Innri-Sandbrekkna, nánast á sama stað og gamli vegurinn liggur. Mestur hluti vegarins á þessum kafla kemur því til með að hverfa undir nýbyggingu vegar, þ.m.t. upphlaðinn kafla hans.

Vestasti hluti gamla Þjóðvegarins sést á um 450m kafla rétt ofan fjöruborðs í Henglavík og upphlaðinn að hluta upp hraunið vestan víkurinnar. Einungis óverulegur hluti austurenda þessa vegarkafla mun hverfa undir nýja veginn.

Mótvægisáðgerðir:

Við áætlaða veglínu 1 er stærstur hluti þeirra vegkafla sem skráðir voru í lítilli hættu vegna framkvæmdanna sé þess gætt að ekki sé farið um þá á stórum vinnuvélum eða að þeir verði ekki á skilgreindum haug- eða efnis-tökusvæðum. Að óbreyttu mun veglína 2 hinsvegar liggja yfir stóran hluta gamla vegarins en nauðsynlegt er að færa veglínuna á þeim kafla eigi að vernda minjarnar. Sé það ekki mögulegt ber að sækja um leyfi til Fornleifa-verndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja veginn (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001).

Mikilvægt er að ekki verði hróflað við minja- og umhverfisheild við Djákna-dys, bæði vegna framkvæmda við núverandi veg en einnig þegar gamli vegurinn verður fjarlægður og væri æskilegt að afmarka svæðið á einhvern hátt þannig að 20 metra friðhelgin verði virt.

• Háls 159131 236 - 60

Varða – vörðuhrúgald liggur á Stekkjarhóli um 20m sunnan núverandi vegar og kemur þessi varða til með að hverfa undir væntanlegan veg skv. Áætluðum veglínunum frá Vegagerðinni. Óvíst er um aldur vörðunnar.

Mótvægisáðgerðir:

Sé sýnt að hylja þurfi eða fjarlægja vörðuna ber að sækja leyfi þar um til Fornleifaverndar ríkisins (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001)

Þjóðsögustaðir

Auk dysjarinnar eru tveir þjóðsögustaðir eru á svæðinu sem skráð var, annarsvegar Vígðilækur uppsprettulind á merkjum Hamars og Háls og svo klettadrangur austan Rauðuskriðu sem ber nafnið Valtýskambur. Báðir þessara þjóðsögustaða eru náttúrumyndanir og á hvorugum staðnum er hægt að greina mannvirki af neinu tagi. Samkvæmt Þjóðminjalögum (9.gr.) ber þó að skrá slíka staði sem um fornleifar sé að ræða. Vígðilækur liggur nú þegar undir núverandi vegi og mun ekki verða fyrir frekari skemmdum af völdum framkvæmdanna að öðru leyti en því að vegurinn mun breikka eitthvað þar sem hann liggur yfir lækinn. Núverandi þjóðvegur liggur milli Valtýskambs og fjallbrekkunnar og er ekki sjáanlegt að hann verði fyrir nokkru hnjaski þó svo að vegurinn yrði fjarlægður.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildir

Skammstöfun fyrir heimildir í texta eru í sviga aftan heimildanna í listanum.

- Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993 [Fjölrit].
- Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing* 5, 1970. (HS)
- Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, 1989.
- Íslenskt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)
- Íslenskt fornbréfasafn XII. 1200-1554. Reykjavík, 1923-1932. (DI XII)
- J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Múlasýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík, 2000. (SS)
- Guðný Zoëga: *Hálsþorp í Djúpavogshreppi. Fornleifaskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2004.
- Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir VI*, Reykjavík 1986.
- Stefán Einarsson: Austfirðir sunnan Gerpis *Árbók Ferðafélags Íslands* 1955.
- Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
- Örnefnaskrá Háls (a), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖISa)
- Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖISb)
- Örnefnaskrá Háls (og hjáleigna), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖEG)
- Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun. (ÖSS)
- Örnefnauppdráttur eftir Eyjólf Guðjónsson

Viðauki

Hnitalisti og fornleifakort


Listi yfir hnit ISN93

Jörð	Númer	Sérheiti	Tegund	Austun	Norðun	Fjarlægð frá vegi	Mynd
Valtýskambur-Sandbrekka							
Háls	159131 236-8		Nátthagi/rétt	720098,12	470103,763	45-95m	3
	159131 236-28	Djáknadys	Legstaður	747481,627	469729,857	20m	1
	159131 236-29		Vörslugarður	719590,935	470007, 201	Í veglínu	2
	159131 236-30		Stekkur	719570,074	469999,784	Í veglínu	2
	159131 236-59		Vegur	719570,074	469999,784	Að hluta í veglínu	4
	159131 236-60		Varða	719620,495	470014,639	Í veglínu	2
	159131 236-61	Valtýskambur	Þjóðsögustaður	719169,878	470105,318		2
	159131 236-62	Vígðilækur	Þjóðsögustaður	716366,613	469579,18	Í veglínu	4

Yfirlit yfir myndir í skýrslu

0 250 500 750
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



Mynd 2

Myndir
3 og 6

Myndir
1 og 5

Myndir 4 og 7

6. mynd (veglína 2).

— Náthagi og rétt (159131 236-8)

0 10 20 30 40 50
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



159131 236-8

001

0

08-

R 00

R 00

A 180.00

A 180.00

R -400.00



5. mynd (veglína 2).

— Vegur [159131 236-59]

■ Dys [159131 236-28]



0 10 20 30 40 50
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga

159131 236-59

159131 236-28

2500

2600

2700




4. mynd (veglína 1).

Vegur [159131 236-59]

Dys [159131 236-28]

0 100 200 300
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



3. mynd (veglína 1).

— Nátthagi og rétt (159131 236-8)

0 10 20 30 40 50
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



159131 236-8

100

0

R -400.00
A 180.00

A 180.00
R 00

R 00



2. mynd (veglína 1).

Grjótgarður [159131 236-29]

Stekkur [159131 236-30]


Varða [159131 236-60]

0 10 20 30 40 50
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



Valtýskambur



1. mynd (veglína 1).

Vegur [159131 236-59]

Dys [159131 236-28]



0 10 20 30 40 50
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga

159131 236-59

159131 236-28

0052

0092

0072




7. mynd (veglína 2).

Vegur [159131 236-59]

Dys [159131 236-28]

0 100 200 300
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga





Byggðasafn Skagfirðinga
2007